

Nd.

442. Nefndarálit

[178. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv. Undirritaður meiri hl. nefndarinnar leggur til, að frv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGUM:

1. Á undan 1. gr. bætist ný grein, svo hljóðandi:

9. gr. laganna orðist svo:

Ríkissjóður ábyrgist allar skuldbindingar bankans innanlands.

Fjármálaráðherra er heimilt að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs erlend lán og erlendar skuldbindingar bankans, með þeim skilmálum, er hann samþykkir, þó má samanlögð upphæð þeirra erlendra skulda bankans, sem ríkissjóður ábyrgist samkvæmt þessari grein, ekki vera hærri en 600 milljónir króna á hverjum tíma. Í þessu sambandi skal erlend skuld bankans jafnan reiknuð á því gengi, er var í gildi, þegar lánsamningur var gerður, eða þegar stofnað var til skuldarinnar án formlegs lánsamnings.

Ákvæði þessarar greinar taka ekki til lána þeirra, er um getur í 11. grein.

2. Við 1. gr. 2. mgr. falli niður.

3. Aftan við 2. gr. bætist:

og eru jafnframt úr gildi numin 1. gr. laga nr. 39 1954, um breyt. á lögum nr. 17 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands, og lög nr. 35 1957, um breyt. á lögum nr. 17 frá 10. febr. 1953, um Framkvæmdabanka Íslands.

Alþingi, 3. marz 1961.

Birgir Kjaran,
form.

Jóhann Hafstein,
frsm.

Birgir Finnsson,
fundaskr.